

Efni: Grænbók um flugsamgöngur
Dags: 15. ágúst 2019
Málsnúmer: 1908013

Stefnumótun um flugsamgöngur

Á fundi bæjarráðs Suðurnesjabæjar 14. ágúst 2019 var fjallað um drög að flugstefnu fyrir Ísland og eftirfarandi bókað.

Bæjarráð Suðurnesjabæjar fagnar því að unnið sé að mótun flugstefnu fyrir Ísland. Flugstöð Leifs Eiríkssonar og flugtengd starfsemi, ásamt stærstum hluta Keflavíkurflugvallar eru í Suðurnesjabæ. Í ljósi þess saknar bæjarráð þess að ekki hafi verið haft beint samráð við Suðurnesjabæ og sveitarfélögin á Suðurnesjum við mótun flugstefnunnar, er varðar alþjóðaflug. Bæjarráð bendir á að slík aðkoma sveitarfélaganna að verkefninu væri jákvæð og gagnleg fyrir alla aðila.

Keflavíkurflugvöllur er einn mikilvægasti hlekkurinn í samgöngukerfi Íslands. Fyrir Ísland sem er staðsett á miðju Atlantshafi eru greiðar flugsamgöngur til og frá landinu ein mikilvægasta forsenda þess að samfélagið geti þróast og byggst upp í takti við önnur lönd sem við berum okkur saman við. Einnig eru greiðar flugsamgöngur ein mikilvægasta forsenda þess að atvinnulíf í landinu geti átt sem mest og best viðskipti við önnur lönd. Að því leyti fagnar bæjarráð þeim áherslum sem birtast í drögum að flugstefnu, þar sem tekið er mið af þeim miklu möguleikum sem felast í því að efla flugsamgöngur um Keflavíkurflugvöll enn frekar, sem tengiflugvallar, og til farþega- og fraktflutninga til og frá landinu. Frekari uppbygging Keflavíkurflugvallar felur því í sér mikil tækifæri fyrir landið allt. Bæjarráð leggur því áherslu á að þau áform sem eru um frekari uppbyggingu Keflavíkurflugvallar komist til framkvæmda.

Góðir og fullnægjandi varaflugvellir eru mikilvægir út frá flugöryggi alþjóðaflugs. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að nauðsynleg uppbygging varaflugvalla verði ekki fjármögnuð með fjármagni frá rekstri Keflavíkurflugvallar, slíkt myndi hafa veruleg neikvæð áhrif á nauðsynlega uppbyggingu Keflavíkurflugvallar og þar með leiða til þess að mikilvæg tækifæri fari forgörðum ef litið er til alls atvinnulífs í landinu. Þess vegna fagnar bæjarráð því að í niðurstöðum starfshóps sem vann drög að flugstefnu er áhersla á að uppbygging varaflugvalla verði ekki fjármögnuð af rekstri Keflavíkurflugvallar.

Fyrir þjóð sem byggir jafn mikið á flugsamgöngum og Íslendingar er ein grunn forsenda að búa að öflugum flugnámi, rétt eins og viðurkennt hefur verið um langa tíð að mikilvægt sé að bjóða upp á öflugt skipstjórnar- og vélstjórnarnám fyrir fiskiskipaflota þjóðarinnar. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að Keilir, flugskóli Íslands er stærsti flugskóli landsins, með höfuðstöðvar á Ásbrú. Mikil þörf er fyrir vel menntaða flugmenn og blasir við að sú þörf muni aukast. Í drögum að flugstefnu er lögð áhersla á aukna menntun og nýsköpun í þessari mikilvægu grein og því ber að fagna. Bæjarráð Suðurnesjabæjar leggur áherslu á að flugnám verði einn hluti menntakerfisins og opnað verði fyrir aðgengi flugnema að námslána- og styrkjakerfi eins og á við um annað lánshæft nám.



SUÐURNESJABÆR

Í drögum að flugstefnu er ekki með beinum hætti tekin afstaða til hugmynda um nýjan alþjóðaflugvöll í Hvassahrauni. Bæjarráð minnir á að sveitarfélögin á Suðurnesjum hafa ekki haft neina aðkomu að umfjöllun um þetta mál og hvetur samgönguyfirvöld til þess að sveitarfélögin fái tækifæri til að taka eðlilegan þátt í umfjöllun um málið, ef svo fer að framhald verði á því. Jafnframt bendir bæjarráð á að ómarkviss umræða um mögulega uppbyggingu flugvallar í næsta nágrenni Keflavíkurflugvallar skapi óvissu og sé til þess fallin að draga úr nauðsynlegum framkvæmdum og fjárfestingum við frekari uppbyggingu Keflavíkurflugvallar.

Í kafla 21 er fjallað um betri samskipti milli aðila í flugi og flugtengdri þjónustu, með því að komið verði á umræðu-og samstarfsvettvangi aðila. Bæjarráð leggur til að auk þeirra aðila sem taldir eru til á bls. 87 eigi fulltrúar sveitarfélaga í nærsamfélagi Keflavíkurflugvallar aðild að slíkum vettvangi.

Magnús Stefánsson
bæjarstjóri Suðurnesjabæjar